



Kennsluáætlun fyrir skólaárið 2025 - 2026

Námsgrein: Textílmennt

Árgangur: 7. bekkur

Kennari: Sigríður V. Þórðardóttir

Netfang: siggavigga@klaustur.is

Almennt: Í þessari námseiningu munu nemendur kynnst hekli og þróa með sér grunnfærni í þessari aldagömlu handverkshefð. Nemendur byrja á að læra grunntækni í hekli þar sem kennari leiðbeinir nemendum skref fyrir skref við að halda rétt á heklunál, mynda upphafslykkju og framkvæma algengustu heklsporin. Eftir að nemendur hafa náð ákveðinni grunntækni, þjálfa þeir sig í að hekla einföld mynstur sem leiðir svo til stærra verkefnis þar sem hver nemandi hannar eða finnur uppskrift og heklar sitt eigið lítið tuskudýr. Verkefnið styður við sköpun og læsi á leiðbeiningar ásamt því að rækta þrautseigju og einbeitingu nemenda.

Helstu markmið: Í verkefninu fléttast saman allir grunnþættirnir. Nemendur fá að tjá sig í gegnum hönnun sína sem ýtir undir sköpun og persónulegt læsi, á meðan vinnuferli eins og hekl eflir einbeitingu og hugræna færni sem tengist heilbrigði. Sjálfbærni er í forgrunni þar sem nemendur læra að nýta og endurvinna textílefni og fá innsýn í hvernig handverk eins og hekl hefur verið mikilvægur þáttur í sjálfbærri nýtingu á efnum í gegnum tíðina. Verkefnið stuðlar að jafnrétti með umræðum um hvernig handverk eins og hekl hefur sögulega tilheyrt öllum kynjum þótt samfélagsleg viðhorf hafi oft verið önnur. Lýðræði og mannréttindi birtast í hópvinnu og gagnkvæmri aðstoð nemenda þar sem þeir læra að bera virðingu fyrir mismunandi getu og útfærslum.

- Nemendur geta haldið rétt á heklunál og myndað upphafslykkju.
- Nemendur kunna að framkvæma algengustu heklsporin.
- Nemendur geta heklað einföld mynstur.
- Nemendur geta lesið og fylgt eftir hekl-uppskrift til að búa til eigið tuskudýr.
- Nemendur geta unnið sjálfstætt með textílefni til að skapa eigin hönnun í hekli.
- Nemendur þekkja hvernig handverk eins og hekl tengist sjálfbærri nýtingu efna í gegnum tíðina.

Hæfniviðmið:

- fjallað um efnisfræði svo sem eiginleika náttúruefna og gerviefna
- nýtt endurunnin efni í textílvinnu og gert grein fyrir endurnýtingu og efnisveitum
- greint og fjallað um hefðir í textílvinnu á Íslandi og sett í samhengi við sögu
- þróað eigin hugmyndir í textílverk og unnið eftir ferli
- útskýrt eigið verk og notað til þess hugtök greinarinnar
- nýtt helstu miðla til að afla upplýsinga um hugmyndavinnu, hönnun og útfærslu á þeim
- beitt grunnaðferðum og áhöldum greinarinnar
- unnið úr fjölbreyttum textílefnum
- unnið með einföld snið og uppskriftir
- þekkt mikilvægi viðeigandi líkamsstöðu og geti beitt líkamanum rétt við vinnu sína

Hlekkur á aðalnámskrá: <https://www.adalnamskra.is/grunnskoli/kafli-21-list-og-verkgreinar-2024>

Vika	Námsþáttur og lykilhæfni	Verkefni	Námsefni og ítarefni
Vika 1	Grunnfærni í hekli. Upphafslykkjur og hekláhöld. Lykilhæfni: Að geta unnið eftir fyrirmælum og sýnt sjálfstæði.	Kynning á hekli og sögu þess. Nemendur læra að halda rétt á heklunál og mynda upphafslykkju. Æfingar í að gera upphafslykkjur og fastalykkjur í röð.	Heklunálar í mismunandi stærðum, gróft garn í björtum litum, myndbönd sem sýna grunntækni, myndir með leiðbeiningum um upphafslykkjur og myndræn gögn um sögu hekl.
Vika 2	Grunnsporin í hekli. Lykilhæfni: Þrautseigja, einbeiting og fínhreyfingar.	Nemendur læra grunnspor í hekli: fastalykkja, loftlykkja, hálfstuðull og stuðull. Æfingar í að telja lykkjur og halda jöfnum takti. Nemendur hekla litla æfingarhringi þar sem þeir prófa mismunandi spor.	Heklunálar, garn í mismunandi litum, prjónamerki, skýringarmyndir af mismunandi sporum og rétttri handbeitingu, myndbönd sem sýna hvernig á að gera mismunandi spor.
Vika 3	Einföld heklmynstur og litaskipti. Lykilhæfni: Læsi á leiðbeiningar og skipulagshæfni.	Nemendur æfa sig í að lesa einfaldar hekluppskriftir og tákn. Þeir læra litaskipti og að hekla í hring. Hver nemandi heklar lítinn ofnlepp með einföldu mynstri. Umræður um sjálfbæra nýtingu efna í heimilisiðnaði fyrr og nú.	Bómullargarn í nokkrum litum, heklunálar, uppskriftir af einföldum ofnleppi eða glasamottum, skýringarmyndir fyrir mynstur, dæmi um fullgerðar vörur, fræðsluefni um endurnýtingu textíls í gegnum tíðina.
Vika 4	Undirbúningur tuskudýraverkefnis. Lykilhæfni: Sköpun, hugmyndavinna og skipulagning.	Nemendur kynnast hugmyndinni að tuskudýraverkefninu. Þeir skoða myndir og dæmi, velja eða hanna eigið tuskudýr, gera skissu og velja garn. Kennsla í að lesa flóknari hekluppskriftir og þjálfun í að túlka tákn og skammstafanir.	Skissubækur, blýantar og litir, sýnishorn af tuskudýrum, einfaldar uppskriftir að tuskudýrum, litaprufur af garni, uppskriftabækur og vefsíður með tuskudýrauppskriftum, fræðsluefni um táknkerfi í hekluppskriftum.
Vika 5	Heklun tuskudýrs - framkvæmd. Lykilhæfni: Úthald, þrautseigja og vandvirkni.	Nemendur vinna að heklun tuskudýra samkvæmt eigin hönnun eða valdri uppskrift. Þeir æfa sig í að fylla út í form, hekla í hring og tengja saman mismunandi hluta. Þjálfun í að fylgja uppskrift frá upphafi til enda og leysa vandamál sem upp koma.	Fjölbreytt úrval af garni, heklunálar í réttum stærðum, fyllingarefni fyrir tuskudýr, augnhnappar eða annað skraut, nálar til að sauma saman hluta, skæri og prjónamerki.
Vika 6	Frágangur, kynning og ígrundun. Lykilhæfni: Samskipti, tjáning og gagnrýnin hugsun.	Nemendur ljúka við tuskudýrin sín, fylla þau, sauma saman og bæta við lokafrágangi. Þeir halda stutta kynningu á verkum sínum þar sem þeir útskýra hugmyndina, ferlið og vandamál sem þurfti að leysa. Ígrundun um verkefnið og umræður um gildi handverks í nútímasamfélagi.	Öll fyrri efni ásamt skærum, nálum og fyllingarefni. Skráningarblöð fyrir ígrundun, sýningarborð fyrir tuskudýrin, myndavél til að taka myndir af lokaverkum, umræðusurningar um handverk og sjálfbærni.

Námsmat:

Viðmið	Lýsing
Framúrskarandi	Nemandi getur með miklu öryggi og af nákvæmni haldið rétt á heklunál og myndað upphafslykkjur. Nemandi framkvæmir öll algengustu heklspor sjálfstætt og af mikilli færni. Nemandi getur heklað flókin mynstur og fylgt hekl-uppskriftum sjálfstætt til að búa til eigin tuskudýr með persónulegu ívafi. Nemandi sýnir mikla frumkvæði í að vinna sjálfstætt með textílefni og skapar eigin hönnun sem endurspeglar góðan skilning og sjálfbæra hugsun. Nemandi getur útskýrt og rætt ítarlega hvernig handverk eins og hekl tengist sjálfbærri nýtingu efna í gegnum tíðina.
Góð færni	Nemandi getur haldið rétt á heklunál og myndað upphafslykkjur. Nemandi kann og framkvæmir vel öll algengustu heklspor. Nemandi getur heklað einföld mynstur og fylgt hekl-uppskriftum til að búa til eigið tuskudýr. Nemandi vinnur vel sjálfstætt með textílefni og skapar eigin hönnun í hekli. Nemandi þekkir og getur útskýrt hvernig handverk eins og hekl tengist sjálfbærri nýtingu efna í gegnum tíðina.
Á góðri leið	Nemandi er að ná tökum á að halda rétt á heklunál og mynda upphafslykkjur. Nemandi kann nokkur algengustu heklsporin en þarf stundum leiðbeiningar. Nemandi getur með aðstoð heklað einföld mynstur og fylgt einföldum hekl-uppskriftum. Nemandi vinnur með textílefni með nokkrum stuðningi og er að þróa eigin hönnun í hekli. Nemandi hefur nokkurn skilning á hvernig handverk eins og hekl tengist sjálfbærri nýtingu efna í gegnum tíðina.
Þarf stuðning	Nemandi þarf mikla aðstoð við að halda rétt á heklunál og mynda upphafslykkjur. Nemandi á í erfiðleikum með að framkvæma algengustu heklsporin og þarf stöðuga leiðsögn. Nemandi getur aðeins heklað einföld mynstur með beinni aðstoð og á í erfiðleikum með að fylgja hekl-uppskriftum. Nemandi á erfitt með að vinna sjálfstætt með textílefni og þarfnast mikillar aðstoðar við að skapa eigin hönnun. Nemandi sýnir takmarkaðan skilning á tengslum handverks við sjálfbæra nýtingu efna.
Ekki hægt að meta	Ekki hefur reynt á þessa færni eða ekki liggja fyrir næg gögn til að meta hæfni nemandans á þessu sviði.

Þessi kennsluáætlun er birt með fyrirvara um breytingar.